

Minnisblað

Móttakandi: Anna Jörgensdóttir / Hafnarfjarðarbæ Dags.: 31. október 2012

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið sambandsins Málsmr.: 1201007SA Málalykill: 090

Efni: Heimild sveitarstjórnarmanna til þess að fá einstaklingsmál tekin á dagskrá fundar í fastanefnd sveitarfélags

Sambandinu hefur borist fyrirspurn frá Hafnarfjarðarbæ um heimildir einstakra kjörinna fulltrúa í fjölskylduráði bæjarins, til þess að óska eftir því að einstaklingsmál verði tekið á dagskrá fundar ráðsins.

Í fyrirspurninni er vísað til reglna um félagslega heimaþjónustu í Hafnarfirði, um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ og um úthlutun á almennu leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ og sérstakar húsaleigubætur.

Þá liggur fyrir erindisbréf fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 7. desember 2011.

Lagagrundvöllur

Fyrirspurnin varðar fyrst og fremst réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa í fastanefndum skv. sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, en í 2. mgr. 52. gr. laganna segir:

Ákvæði III. og IV. kafla gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnun sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem viðkomandi fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

Í tilvísun til III. og IV. kafla felst m.a. réttur til þess að bera upp mál, en í 2. mgr. 27. gr. segir að sveitarstjórnarmaður eigi rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Úrlausnarefnið er því hvað felist í ofangreindri takmörkun þegar félagsmálaráð eða -nefnd sveitarfélags á í hlut.

Að mati lögfræðinga sambandsins leiðir einnig af tilvísun til eðlis máls í 2. mgr. 52. gr., að reglur um framsal á ákvörðunarvaldi komi til skoðunar þegar leyst er úr því hvernig takmarka eigi réttindi kjörinna fulltrúa í fastanefndum.


Sérstaða fjölskylduráðs

Svo sem fram kemur í erindisbréfi fjölskylduráðs fer það með umsjón og eftirlit félagsmála á grundvelli laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Víðtækt hlutverk kemur fram í 5. gr. laganna og er meginreglan sú að öll mál fái úrlausn ráðsins. Í 10. gr. er gerð grein fyrir heimildum til framsals og segir þar:

Félagsmálanefnd er heimilt að fela starfsmönnum afgreiðslu ákveðinna mála og skulu um það settar reglur sem sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðunum starfsmanna skal þó ætíð unnt að skjóta til félagsmálanefndar.

Framsalsreglur á verksviði fjölskylduráðs Hafnarfjarðarbæjar eru í samræmi við þessar heimildir. Þá er rétt að hafa í huga þau lögskýringarsjónarmið sem talin hafa verið í gildi um umboðskeðjur af þessum toga, þ.e. að aðili sem veitir umboð eigi að megin stefnu til

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	8. 10. 2012
Málsmr.:	1211099
Bréfal:	032-1

að geta tekið fyrir, t.d. vegna endurupptökubeiðna eða beiðna um undanþágur, þau mál sem afgreidd eru á grundvelli umboðsins. Sérstök ástæða er til þess að sá sem umboðið veitir geti fjallað um ákvarðanir sem teljast stefnumarkandi eða fordæmisgefandi. Af þeirri ástæðu er m.a. tiltekið í 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga að starfsmaður geti alltaf óskað eftir því að viðkomandi fastanefnd sem umboð hefur veitt, taki ákvörðun í máli.

Að teknu tilliti til þessara atriða er sá skýringarkostur varla tækur að hafna megi beiðni kjörinna fulltrúa í fjölskylduráði um að einstaklingsmál um félagsþjónustu verði tekið á dagskrá, með vísan til þess að í gildi sé almennt framsal á ákvörðunarvaldi til starfsmanna. Á hinn bóginn verður að telja að slíkt mál verði almennt ekki tekið til afgreiðslu í ráðinu nema framsalið sé afturkallað. Meðan framsal á ákvörðunarvaldi er í gildi myndi umfjöllun því byggjast á eftirlitshlutverki ráðsins og felast í að gerð sé grein fyrir stöðu eða afgreiðslu máls af hálfu starfsmanna.

Jafnframt virðist mega draga þá ályktun af 2. mgr. 52. gr. að sú takmörkun á frumkvæðisrétti kjörinna fulltrúa sé réttmæt að tiltekið hlutfall ráðsins þurfi til þess að einstaklingsmál sem er í vinnslu hjá starfsmönnum sé tekið á dagskrá. Bæjarstjórn gæti því, með ákvæði í erindisbréfi sem sett á grundvelli samþykktar um stjórn og fundarsköp, ákveðið t.d. að tveir fulltrúar í fjölskylduráði þurfi að standa saman að beiðni.

Með þessu móti má gæta jafnvægis milli faglegra sjónarmiða og lýðræðislegra. Ákveðin fyrirmynd hvað þetta varðar er fyrir hendi í erindisbréfi fjölskylduráðs, þar sem segir í niðurlagi 7. gr. að ætíð vísa skuli máli til afgreiðslu bæjarstjórnar ef tveir ráðsmenn, hið minnsta, æskja þess.

GB / TP